

Fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 6. september kl. 16:15-18:00

Mættir voru:	Hanna Ásgeirsdóttir, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Jóney Jónsdóttir, Lilja B. Rögnvaldsdóttir, Margrét Nína Sigurjónsdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Trausti Aðalsteinsson, Unnur Hafliðadóttir, Valdimar Stefánsson og Þór Stefánsson.
Forföll boðuðu:	Halldór Valdimarsson og Þorkell L. Þórarinnsson en Hanna og Mjöll komu í þeirra stað.
Fundarstjóri:	Lilja B. Rögnvaldsdóttir formaður skólanefndar
Fundarritari:	Herdís Þ. Sigurðardóttir aðstoðarskólameistari

Lilja setti fundinn og bauð viðstöddum að ganga til dagskrár.

1. Starfsmannamál

Jóney greindi frá breytingum sem orðið hafa á starfsmannamálum við skólann. Dóra Ármannsdóttir hefur látið af störfum sem skólameistari og Jóney Jónsdóttir hefur verið sett í embætti til 31. desember nk. Herdís Þ. Sigurðardóttir aðstoðarskólameistari er komin úr leyfi. Til stóð að hún yrði í ársleyfi frá janúar 2016 til janúar 2017 en stytta leyfið til þess að taka við af Jóneyju sem aðstoðarskólameistari eftir að Dóra lét af störfum. Gunnar Árnason er kominn til kennslu eftir ársleyfi á síðasta skólaári. Svava Björg Kristjánsdóttir hefur látið af störfum sem fjármálastjóri og Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir hefur tekið við þeirri stöðu. Guðrún er einnig ritari við skólann og er nú í 90% starfshlutfalli sem ritari og fjármálastjóri. Halla Rún Tryggvadóttir dönskukennari lét af störfum í vor en ekki hefur enn verið ráðið í hennar stað. Aðeins eru kenndir tveir dönskuáfangar við skólann og verða þeir ekki kenndir aftur fyrr en næsta skólaár.

2. Nemendatölur

Herdís kynnti nemendauppgjör vorannar 2016 og greindi jafnframt frá innritunartölum haustannar 2016.

3. Ný námskrá og skólanámskrá

Herdís sagði frá stöðunni á námskrármálum við skólann. Fyrir liggur að setja almenna braut og starfsbraut í samþykktarferli hjá Menntamálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að sú vinna klárast á haustönn. Í vetur verður jafnframt unnið að endurskoðun skólanámskrár í samræmi við Aðalnámskrá frá 2011.

4. Rekstur og framkvæmdir

Jóney greindi frá því að rekstarstaða skólans væri orðin erfið. Mikil breyting hafi orðið til hins verra á rekstri skólans í kjölfar síðustu kjarasamninga kennara. Skólinn hefur ekki fengið nægjanlegt fé úr ríkissjóði til þess að bæta upp aukinn launakostnað kennara og lítið svigrúm er til þess að fækka starfsfólki eða kenndum áföngum. Hins vegar hefur verið skorið niður í stjórnun við skólann auk þess

sem látið verður vanta í stöðu dönskukennara þetta skólaárið. Skólinn mun þurfa að senda Menntamálaráðuneyti bréf á næstu dögum þar sem gerð verður grein fyrir hvernig skólinn hyggst bregðast við rekstarvandnum sem við blasir.

Rætt var um að ráðuneytið þurfi að gera upp við sig hvort halda eigi uppi þjónustu við nemendur við skólann því ljóst sé að þær sparnaðaraðgerðir sem hægt sé að grípa til dugi ekki til að veða upp þann rekstarhalla sem orðinn er.

5. Fréttir af samstarfi skólanna á norðaustursvæði

Jóney greindi frá því að haldinn verði símafundur í fyrramálið þar sem rætt verði um hver framtíð samstarfsins verði. Ljóst er að fjárskortur hamlar samstarfinu en skólarnir hafa ekki fengið framlög til þess að halda því áfram.

6. Samstarf með Framhaldsskólanum á Laugum

Óvíst er hvernig þetta samstarf mun þróast. Ljóst er að varla verður unað við óbreytta stöðu í FSH þar sem mikil fækkun hefur orðið á nemendum og erfitt er að halda úti viðunandi námsframboði. Svipuð staða er væntanlega uppi á Laugum. Gera þarf námskrár skólanna þannig úr garði að skólarnir geti samnýtt námsframboð að einhverju leyti auk þess sem samræma þarf skóladagatöl. Lítið er þó hægt að gera án þess að aukin fjárframlög komi til enda er vinna við samstarf tímafrek og kostnaðarsöm. Samt sem áður eru uppi áform um að sameina félagslíf skólanna að einhverju leyti og einnig hefur verið stefnt að sameiginlegum haustfundi starfsfólks.

7. Staða skólameistara FSH

Jóney greindi frá því að hún væri sett í embætti skólameistara til 31. desember 2016. Mikil óvissa ríkir um framtíðina enda hefur staðan ekki enn verið auglýst. Óttast er að óvissuástand dragist á langinn en ríkisstjórnarkosningar verða haldnar í lok október og í kjölfarið tekur nýr ráðherra til starfa. Ekki er ljóst hvaða viðhorf nýr ráðherra mun hafa til skóla á landsbyggðinni sem glíma við nemendafækkun og rekstrarvanda.

Fram kom tillaga um að skólanefndin sendi fyrirspurn í Menntamálaráðuneytið um það hvenær staða skólameistara við FSH verði auglýst.

8. Önnur mál

Jóney kynnti Margréti Nínu Sigurjónsdóttur en hún er nýr formaður nemendafélags FSH og fulltrúi nemenda í skólanefnd. Margrét kynnti nýja stjórn nemendafélagsins og sagði frá hlutverkum stjórnarmeðlima.

Jóney greindi frá því að tímatöflu skólans hafi verið breytt. Skóli hefst nú kl. 8:15 á morgnana, hádegishlé hefur verið stytta um 5 mínútur og frímínútur eftir hádegi sömuleiðis stytta um 5 mínútur. Kennslu lýkur hins vegar á sama tíma dags og verið hefur.

Jóney sagði frá því að skólanum hefði borist styrkur frá Lýðheilsusjóði upp á hálfa milljón króna. Styrkinn á að nota í verkefni um geðrækt og sjálfsvígðforvarnir.

Jóney greindi frá því að Sigurður Narfi félagsmála- og forvarnarfulltrúi skólans, hefði sótt fund forvarnarhóps sveitarfélagsins Norðurþings. Þar var rætt um að fá Sigríði Dögg kynfræðing til þess að heimsækja skóla í sveitarfélaginu og ræða við nemendur um kynheilbrigði.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.